



HULA - byggðasamlag um sorpmeðferð
Austurvegi 17
870 Vík

Reykjavík, 6. nóvember 2020
UST202009-131/H.R.A.
08.04

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 7. janúar 2019 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann þann 21. nóvember 2018 hjá Hula, Skógarsandi. Hinn 7. mars 2019 áformaði stofnunin að áminna rekstraraðila vegna útistandandi frávíka og frestur var fyrst veittur til 21. mars 2019 til að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur. Viðbótarfrestur var veittur til 1. mars 2020 með tölvupósti frá stofnuninni dags. 26. ágúst 2019 í kjölfar beiðni rekstraraðila þar um.

Frávikin voru eftirfarandi:

- 1. Gr. 2.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og vinna samkvæmt þeim. **Rekstraraðili lagði fram afrit af fullnægjandi umhverfismarkmiðum sínum til stofnunarinnar í ágúst sl. og telst frávíki því lokið.**
- 2. Gr. 3.4 í starfsleyfi.** Starfrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna. Umhverfisstofnun féllst á rök rekstraraðila um að slíkt kerfi væri óþarf árið 2017. **Krafa um gassöfnunarkerfi var fellt út úr starfsleyfinu þegar nýtt var gefið út 20. ágúst 2019 og telst frávíki þessu því lokið.**

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Aðstæður verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 13.200 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands